

Reykjavík 16. janúar 2018

**Varðandi: Tillögu til þingsályktunar um byggingu 5.000 leiguíbúða, þingskjal 43 – 43. mál.**

Tekið er undir tillögunum.

Jafnframt þarf að yfirfara reglugerð um hámarksverð sem gilda um byggingakostnað almennrar íbúða, en í núverandi umhverfi á byggingarmarkaði er nær ógjörningur að halda byggingarkostnaði innan þeirra marka sem reglugerðin tilgreinir.

Ennfremur þarf að yfirfara tilhögun Á greiðslu stofnframlaga til uppbyggingar á sértækum búsetuúrræðum. Félagsbústaðir hafa lokið uppbyggingu á búsetukjarna fyrir mikið einhverfa einstaklinga í Þorlaksgeisla og eru með í smíðum tvo kjarna fyrir mikið fatlaða einstaklinga við Austurbrún og í Kambavaði. Í öllum tilfellum voru samþykktar umsóknir um stofnaframlög til byggingar kjarnana. Byggingarkostnaður þeirra er langt yfir þeim viðmiðum sem skilgreind eru í reglugerð. Háan byggingarkostnað má rekja til þess að húsin eru á einni hæð, búinn ýmsum sértækum rýmum og búnaði vegna starfseminnar og sérhver íbúð kjarna er útbúin í takt við gildandi byggingarreglugerð.

Ekki hafa enn fengist greidd að fullu stofnframlög vegna Þorlaksgeisla, en kjarninn var tekinn í notkun síðla árs 2016. Ef ekki koma til breytingar á laga og/eða reglugerðarumhverfi sem tryggja mun þessum verkefnum greiðslu stofnframlags, mun það sama vera uppi á teningnum vegna Austurbrúnar og Kambavaðs.

Við þetta getur félagið ekki búið. Ef ekki er tryggt að samþykkt stofnframlög verði greidd að fullu til félagsins vegna sértækra búsetukjarna er ekki forsvaranlegt fyrir félagið að hefja uppbygging á fleiri kjörnum inn almenna íbúðakerfisins.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félagsbústaða hf.

---

Auðun Freyr Ingvarsson,  
framkvæmdastjóri